

Priðjudaginn 17. júlí 1945.

Nr. 2/1945. **Hraðfrystistöð Vestmannaeyja**

(Eggert Claessen hrl.)

gegn

Alþýðusambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 2. júlí 1945, af Hraðfrystistöð Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum gegn Alþýðusambandi Íslands f. h. Vélstjórafélags Vestmannaeyja í Vestmannaeyjum, og hefur stefnandi gert þær kröfur, að samúðarverkfall Vélstjórafélags Vestmannaeyja, er boðað var hjá honum og hófst 4. þ. m., verði dæmt ólöglegt og stefndi verði dæmdur til þess að greiða málskostnað eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar hjá honum að mati dómsins.

Málavextir eru þeir, að hinn 22. júní 1944 var í Vestmannaeyjum stofnað félag verzlunarmanna, er nefnt var Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga. Eru stofnendur félagsins taldir að hafa verið 55, allt afgreiðslu- eða skrifstofufólk hjá nafngreindum atvinnurekendum í Vestmannaeyjum. Á stofnfundinum var þegar ákveðið að fela félagsstjórninni að athuga og undirbúa kjarasamninga eða taxa verzlunarfólks í Vestmannaeyjum. Tilkynnti þetta félag 8. sept. sama ár bréflega Félagi matvörukaupmanna og hverjum einstökum kaupmanni og framkvæmdastjóra verzlana, er félagsmenn í Verzlunarmannafélagi Vestmannaeyinga unnu hjá, að það leitaði samninga um kaup og kjör starfsfólks í verzlunum. Var jafnframt tilkynnt, að kosin hefði verið samninganefnd og hverjir hana skipuðu, og þess óskað, að þeir sem skrifað hafði verið gengju til samninga við félagið. Engar undirtektir fékk þessi málaleitun og endurnýjar félagið hana 25. sept. 1944 og vísar til bréfsins frá 8. s. m. Endurtekur það þá ósk sína um samninga og tekur jafnframt fram, að ef samningaumleitani hafi ekki byrjað fyrir lok mánaðarins, muni félagið gera þær ráðstafanir, sem lög heimili, og það telji nauðsynlegar. Virðist þessi málaleitun hafi verið að vettugi virt af þeim, sem hún var stíluð til.

Samkvæmt því sem upp hefur komið, var hinn 5. okt. 1944 stofnað kaupsýslumannafélag í Vestmannaeyjum og hlaut það nafnið Félag kaupsýslumanna í Vestmannaeyjum.

Ekki er séð, að sérstakar aðgerðir af hálfu Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga hafi átt sér stað þar til 10. júní þ. á., en þann dag ritar það sömu aðiljum og bréfin frá 8. og 25. sept f. á. voru stíluð til. Er í bréfi þessu vísað til nefndra bréfa og þess óskað á ný, að samið verði við félagið um kaup og kjör verzlunarfólks. Segir í bréfi þessu, að ef svar hafi eigi horizt eða samningar komizt á fyrir kl. 18 þann 12. júní s. l. muni félagið „gera allar viðeigandi og löglegar ráðstafanir, er nauðsynlegar kunna að reynast, til að fá samningsrétt vörn viðurkenndan“. Ritar félagið daginn eftir kaupsýslumannafélaginu og sendir því afrit af bréfinu frá 10. júní og gerir þá grein fyrir þessu, að gera megir ráð fyrir því, að margir eigendur verzlana séu nú félagsmenn í kaupsýslumannafélaginu. Segir og í bréfi þessu, að enda þótt formaður kaupsýslumannafélagsins hafi „áður neitað að eiga viðræður við oss um kjarasamninga, erum við enn reiðubúnir til að taka upp samningsumleitanir við yður fyrir hönd þeirra verzlana, sem eru meðlimir félags yðar“. Bréfi þessu svarar kaupsýslumannafélagið á þá leið, að það hafi „á síðastliðnu ári samið um kaup og kjör verzlunarfólks hér í Eyjum við Verzlunarmannafélag Vestmannaeyja og þar með viðurkennt það sem réttan aðilja til þeirra samninga“. Vísar kaupsýslumannafélagið með þessu á bug tilraunum Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga til samninga.

Hinn 14. júní s.l. boðaði Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga til verkfalls hjá kaupsýslumannafélaginu frá og með 22. s. m., ef ekki hefðu fyrir þann tíma komizt á samningar milli félaganna um kaup og kjör verzlunarfólks, og ítrekar enn á ný, að það sé reiðubúið til umræðna um þessi mál. Engar samningaumleitanir áttu sér stað og kom því til verkfalls hinn 22. júní. Voru þá af hálfu Alþýðusambands Íslands boðuð samúðarverkföll af hálfu ýmissa annarra félaga gagnvart þeim verzlunarfyrirtækjum, sem Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga hafði gefið alþýðusambandinu upp og eigi höfðu samið við félagið, og hinn 26. júní boða 4 verklyðsfélög í Vestmannaeyjum önnur en Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga vinnustöðvun hjá Hraðfrystistöð Vestmannaeyja frá og með

4. þ. m., en það fyrirtæki er ekki félagi í kaupsýslumannafélaginu.

Dómkröfur sínar reisir stefnandi á því fyrst og fremst, að samúðarverkfall það, sem að framan greinir hjá stefnda, sé ólöglegt af þeim sökum, að verkfall það, sem samúðarverkfallið á að styðja, eigi ekki rétt á sér, og vísar í því efni til 17. gr. laga nr. 80/1938. Telur hann og, að hér sé ekki um vinnudeilu að ræða vegna þess, að ekki hafi komið fram ákveðin krafa um kaup og kjör, heldur aðeins almenn krafa um það, að samningur yrði gerður.

Í öðru lagi telur stefnandi, að verkfall það, sem samúðarverkfallið varðar, sé ólögmætt af þeim sökum, að sáttasemjari hafi þann 2. þ. m. borið upp miðlunartillögu í deilu þeirri, sem í upphafi máls þessa er greind. Félagar kaupsýslumannafélagsins hafi samþykkt hana og vísar í því efni til símskeytis frá formanni kaupsýslumannafélagsins, dags. 11. júlí, þess efnis, að 14 atkvæðisbærir félagsmenn af 15 hafi galdið henni jáyrði sitt. Félagar Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga hafi ekki greitt um hana atkvæði, og fari því um þetta eftir 32. gr. laga nr. 80/1938, þar sem segir, að ef ekki hafi að minnsta kosti 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði teljist tillagan samþykkt.

Í þriðja lagi heldur stefnandi því fram, að hann hafi gert samning við Vélstjórafélag Vestmannaeyja og hafi sá samningur verið í fullu gildi, og félaginu því ekki verið heimilt að hefja samúðarverkfall. Þá sé málinu og svo háttað, að Hraðfrystistöð Vestmannaeyja sé ekki í félagi kaupsýslumanna og geti það fyrirtæki því engin áhrif haft á deilu þá, sem hér um ræðir.

Stefndi hefur mótmælt hverri af framangreindum málsástæðum stefnanda fyrir sig og haldið því fram, að þær hafi ekki við rök að styðjast.

Verða nú framangreindar málsástæður stefnanda athugaðar.

Um 1. Eins og að framan greinir er Verzlunarmannafélag Vestmannaeyinga stofnað af 55 mönnum og konum starfandi við skrifstofu- og afgreiðslustörf. Í 2. gr. samþykktu félagsins segir, að tilgangur þess sé „að vinna að hagsmunamálum verzlunar- og skrifstofufólks í Vestmannaeyjum“, en samkvæmt 1. gr. samþykktu félagsins er starfssvæði þess bundið við þann stað. Eftir 3. gr. laga greinds félags geta þeir fengið inntöku

í félagið, er vinna verzlunar- og skrifstofustörf, enda séu þeir eigi atvinnurekendur. Verður því að telja félagið löglega stofnað sem stéttarfélag samkvæmt 1. gr. laga nr. 80/1938. Þá verður og að telja, að félaginu hafi verið heimilt að beina kröfu um kjarasamning til kaupsýslumannafélagsins, en óvæfengt er, að nokkrir félagsmenn í Verzlunarmannafélagi Vestmannaeyinga unnu hjá félögum í kaupsýslumannafélaginu. Og þar sem kaupsýslumannafélagið hafði neitað samningsaðild Verzlunarmannafélags Vestmannaeyinga verður að telja, að það félag hafi haft heimild til vinnustöðvunar, þegar samningsaðild þess var neitað, án þess að koma fram með ákveðnar kaup- og kjarakröfur. Verður því fyrsta málsástæða stefnanda ekki tekin til greina.

Um 2. Eftir lögum um stéttarfélög og vinnudeilur skal atkvæðagreiðsla um miðlunartillögu sáttasemjara vera leynileg. Dómnum hafa ekki borizt nein gögn frá sáttasemjara um úrslit atkvæðagreiðslu um miðlunartillögu í deilu þeirri, sem hér skiptir máli, og ber því þegar af þeirri ástæðu að hrinda þessari málsástæðu stefnanda.

Um 3. Þó að Vélstjórafélag Vestmannaeyja hafi verið bundið samningi við stefnda, verður því að teljast heimilt, eins og á stóð, að hefja samúðarverkfall, þar sem ekki var um að ræða breyting á kjörum eða samningum félagsins sjálfs, heldur til styrktar öðru félagi. Vöruhús Vestmannaeyja h/f er í Félagi Kaupsýslumanna. Samkvæmt símskeyti bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, dags. 16. þ. m., er Einar Sigurðsson, sem óvæfengt er, að sé einkaeigandi Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, einn eigandi að öllum hlutabréfum í H/f Vöruhúsi Vestmannaeyja samkvæmt tilkynningu hans til firmaskrár Vestmannaeyja hinn 16. maí 1936. Hér fyrir dómi hefur því verið haldið fram, en ósannað, að Vöruhús Vestmannaeyja sé hlutafélag, en samkomulag er um það, að Einar Sigurðsson og kona hans eigi 80% af hlutafé þess. Eftir því sem málið horfir við hér fyrir dómi verður að telja, að nægilegt samband sé á milli Vöruhúss Vestmannaeyja, sem er félagi í kaupsýslumannafélaginu, og Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, til þess að umdeilt samúðarverkfall hjá stefnanda verði talið réttmætt.

Samkvæmt framansögðu ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Einn dómenda, Sigurjón Jónsson, vill taka til greina dóm-

kröfu stefnanda og gerir grein fyrir sérstöðu sinni í ágreinings-
atkvæði.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Alþýðusamband Íslands f. h. Vélstjórafélags
Vestmannaeyja, á að vera sýkn af kröfum stefnanda,
Hraðfrystistöðvar Vestmannaeyja, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Sératkvæði Sigurjóns Jónssonar.

Tel samúðarverkfallið hjá vélstjórafélaginu ólöglegt af þessum ástæð-
um:

- a. Einar Sigurðsson, sem er einkaeigandi að hraðfrystihúsinu, er ekki meðlimur í Félagi kaupsýslumanna, sem verkfallið beinist gegn.
- b. Það hefur ekki komið fram, að Einar Sigurðsson sé í stjórn nokkurs þess fyrirtækis, sem er í Félagi kaupsýslumanna.
- c. Einar Sigurðsson hefur því ekki nokkur bein áhrif á vinnudeilu þá, sem samúðarverkfallið er sprottið af.

Dómsorð mitt verður því þannig:

Því dæmist rétt vera:

Framangreint samúðarverkfall Vélstjórafélags Vestmannaeyja er
ólöglegt.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 29. september 1945.

Nr. 4/1945. Alþýðusamband Íslands f. h. Sjómannafélags
Reykjavíkur (Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipa-
félags Íslands h/f (Eggert Claessen hrl.).

Mál út af ágreiningi um skilning á ákvæðum kjarasamnings
um áhættuþóknun sjómanna.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 19.
þ. m., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Sjómannafélags Reykja-
víkur gegn Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Eimskipafélags
Íslands h/f. Eru dómkröfur stefnanda þær, að dæmt verði, að